



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 5. september 2017
1701210 SPH/hs

Efni: Aðalsk. - Sementsreitur, breyting / íbúafundur

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 4. sept. 2017, var fjallað um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna Sementsreits. Breytingin var auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 22. júní 2017. Athugasemdarestur var til 8. ágúst 2017.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna Sementsreits var auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 22. júní 2017. Athugasemdarestur var til 8. ágúst 2017.

Ein athugasemd barst sem bæði á við deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi.

Í athugasemdinni er viðruð sú hugmynd að fjarlægja mannvirki og skeljasandsþró Sementsverk-smiðjunnar þannig að þau umhverfisgæði sem fyrir voru áður en verksmiðjan var reist yrðu endurheimt.

Svæðið er mjög verðmætt til byggðar m.a. með tilliti til eftirfarandi þátta:



Akraneskaupstaður

Svæðið er í góðum tengslum við þungamiðju núverandi byggðar, miðbæ, höfn og Langasand.

Svæðið er með sjávarsýn og snýr til suðurs.

Uppbygging svæðisins hefur í för með sér þéttingu byggðar, endurbætta bæjarmynd og rekstarhagkvæmni til langs tíma bæði fyrir bæjarfélagið og íbúa þess.

Neikvæð umhverfisáhrif verksmiðjunnar verða afturkólluð að miklu leyti en ekki verður lagt í kostnaðarsamar framkvæmdir til þess að endurheimta fyrra umhverfi að fullu enda felast áhugaverð tækifæri fyrir þróun bæjarfélagsins í framlögðum skipulagsáætlunum.

Svæðið hefur góð tengsl við miðbæ, höfn og Langasand.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð sviðsstjóra sem svar við framkominni athugsemd um breytingu á aðalskipulagi. Ekki er fallist á að tilefni sé til að endurheimta þann hluta Langasands sem lenti undir mannvirkjum Sementsverksmiðjunnar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt frá auglýsingu og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Aðalskipulagsuppdráttur
Umsögn um athugasemdir
Athugasemdir sem bárust fylgiskjal A
Lækkun húsa fylgiskjal B

